



## Gjaldskrá vatnsveitu stórnotenda- leiðrétting

Núverandi gjaldskrá vegna vatnsveitugjalda ársins 2021 var samþykkt í bæjarstjórn 17. desember 2020 (sjá mynd).

Við framkvæmd innheimtu notkunargjalds vatns, aukavatnsgjalds, á árinu 2021, hefur komið fram að erfiðlega gengur að útbúa kröfur í samræmi við gjaldskrána.

Í núverandi gjaldskrá kemur ekki fram hvort tilgreindur rúmmetrafföldi sé vegna notkunar á árs- eða mánaðargrundvelli, m.t.t. afsláttarins.

Fyrir liggja upplýsingar um að tilgreindur rúmmetrafföldi í núverandi gjaldskrá er vegna ársnotkunar, enda var horft til þess við gerð hennar að veita stórnotendum afslátt. Rétt er þó að tiltaka að innheimt hefur verið skv. afsláttarkjörum.

Aukavatnsgjald er innheimt mánaðarlega, í kjölfar álesturs á mæla. Ekki er vitað í upphafi árs hver ætluð ársnotkun er. Einungis er hægt að greina mánaðarnotkun, og er hún oft breytileg milli mánaða.

Með hliðsjón af því að vatnsgjald er innheimt mánaðarlega væri rétt að gjaldskráin væri skýr með það að afsláttur væri veittur af mánaðarnotkun, þ.e. þá notkun sem er umfram notkun skv. grunngjaldi.

Auk þessa er nauðsynlegt að leiðrétta núgildandi gjaldskrá, enda skarast núgildandi notkunarmörk m.t.t. afsláttar.

Lagt er því til við bæjarstjórn að samþykkja breytingar á núgildandi gjaldskrá aukavatnsgjald, þannig að afsláttur verði veittur skv. eftirfarandi:

| X Vatnsveita                    |                      |                      |                        |
|---------------------------------|----------------------|----------------------|------------------------|
| Heiti gjalds                    | Eining               | Taxti frá 01.01.2021 | Ársfjórðungsgjald 2021 |
| <b>Mælagjald</b>                |                      |                      |                        |
| að 20 mm                        | kr. á ári            | 9.808 kr.            | 2.452 kr.              |
| 20-24 mm                        | kr. á ári            | 13.817 kr.           | 3.290 kr.              |
| 25-31 mm                        | kr. á ári            | 17.385 kr.           | 4.139 kr.              |
| 32-39 mm                        | kr. á ári            | 20.769 kr.           | 4.945 kr.              |
| 40-49 mm                        | kr. á ári            | 27.781 kr.           | 6.614 kr.              |
| 50-74 mm                        | kr. á ári            | 83.478 kr.           | 19.876 kr.             |
| 75-99 mm                        | kr. á ári            | 90.453 kr.           | 21.536 kr.             |
| 100 mm og stærri                | kr. á ári            | 97.442 kr.           | 23.201 kr.             |
| <b>Aukavatnsgjald</b>           |                      |                      |                        |
| Fyrstu 150.000 m <sup>3</sup>   | kr. á m <sup>3</sup> |                      | 48 kr.                 |
| Umfram 150.000 m <sup>3</sup>   | kr. á m <sup>3</sup> |                      | 10% afsláttur          |
| >150.000-250.000 m <sup>3</sup> | kr. á m <sup>3</sup> |                      | 20% afsláttur          |
| >250.000-350.000 m <sup>3</sup> | kr. á m <sup>3</sup> |                      | 30% afsláttur          |
| >350.000-450.000 m <sup>3</sup> | kr. á m <sup>3</sup> |                      | 40% afsláttur          |
| >450.000-550.000 m <sup>3</sup> | kr. á m <sup>3</sup> |                      | 50% afsláttur          |
| >550.000 m <sup>3</sup>         | kr. á m <sup>3</sup> |                      | 60% afsláttur          |

| Aukavatnsgjald - mánaðarnotkun |   |           |                |                         |                              |
|--------------------------------|---|-----------|----------------|-------------------------|------------------------------|
| 0                              | - | 12.500    | m <sup>3</sup> | 48,0 kr. m <sup>3</sup> | grunngjald                   |
| 12.501                         | - | 20.840    | m <sup>3</sup> | 43,2 kr. m <sup>3</sup> | 10% afsláttur af grunngjaldi |
| 20.841                         | - | 29.200    | m <sup>3</sup> | 38,4 kr. m <sup>3</sup> | 20% afsláttur af grunngjaldi |
| 29.201                         | - | 37.500    | m <sup>3</sup> | 33,6 kr. m <sup>3</sup> | 30% afsláttur af grunngjaldi |
| 37.501                         | - | 45.840    | m <sup>3</sup> | 28,8 kr. m <sup>3</sup> | 40% afsláttur af grunngjaldi |
| 45.841                         | - | og fleiri | m <sup>3</sup> | 24,0 kr. m <sup>3</sup> | 50% afsláttur af grunngjaldi |